VÍNBÚÐIN | ÁTVR

Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. október 2019
Tilv. 2019100032

**Efni: Umsögn ÁTVR um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn ÁTVR um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 (staðsetning áfengisverslunar), 53. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að aftan við 2. málsl. 10. gr. laganna bætist: og hafa samráð við sveitarstjórn um staðsetningu verslunar. Tilvitnuð lagagrein er annars svohljóðandi:

10. gr. *Áfengisverslanir.*
☐ ÁTVR skal eiga og reka áfengisverslanir. ÁTVR skal sækja um leyfi til rekstrar áfengisverslunar til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi. ÁTVR ábyrgist fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað þess húsnæðis sem hýsir verslunina. Um afgreiðslutíma verslana fer eftir ákvæðum áfengislaga.

ÁTVR leggst gegn breytingunni af þremur megin ástæðum; í fyrsta lagi telur fyrirtækið breytinguna óþarfa, í öðru lagi telur fyrirtækið tillöguna, ef hún næði fram að ganga, vera afturhvarf til pólitískra afskipta og gamalla tíma og loks telur fyrirtækið tillöguna geta falið í sér ákveðna lagalega áhættu, ef horft er til nútíma viðskiptahátta og þróunar samkeppnisréttar og reglna um opinber innkaup. Verður nú hvert ofangreindra atriða fyrir sig rakið.

**Óþörf tillaga:**
Eins og fram kemur í tilvitnaðri lagagrein þarf ÁTVR að sækja um leyfi til rekstrar áfengisverslunar til viðkomandi sveitarstjórnar. Sveitarfélagið getur þegar á því stigi sett fram sín sjónarmið varðandi staðsetningu, þó það geti væntanlega ekki skilyrt leyfið eða bundið við einn verslunarkjarna frekar en annan. Athugasemdir eða óskir um staðsetningu myndu þó vissulega hafa mikið vægi ef þær væru settar fram með málefnalegum hætti. Þá getur sveitarfélagið einnig sett sig í samband við ÁTVR þegar einhverjar breytingar eru á döfinni. ÁTVR leggur áherslu á að eiga í góðum samskiptum við sveitarstjórnir og hefur oft átt frumkvæði að fundum með forsvarsmönnum sveitarfélaga.
Í tillögu þeirri sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir einhvers konar lögbundnu samráði, án þess að þar segi nokkuð um það hvernig því samráði skuli háttað eða hver hafi úrslitavaldið að því loknu. Þegar veruleikinn er sá að öll samskipti og samráð eru hvort sem er opin á báða bóga verður varla séð að lögbinding einhvers óljóss samráðsferlis, með enn óljósari niðurstöðu, þjóni einhverjum tilgangi og gæti beinlínis verið skaðleg hagsmunum ÁTVR.

**Verkferlar við val á húsnæði:**
ÁTVR vinnur með opið og gagnsætt ferli við öflun leiguhúsnæðis, en fyrirtækið leigir nú á flestum stöðum það húsnæði þar sem það rekur vínbúðir, en þær eru nú 51 talsins. Ferlið er almennt þannig að þegar leyfi er fengið er auglýst eftir tilboðum í að leigja fyrirtækinu hentugt húsnæði sem er á skilgreindu verslunarsvæði samkvæmt deiliskipulagi. Ríkiskaup hafa umsjón með ferlinu í nánu samráði við ÁTVR. Að lokinni þarfagreiningu er auglýst opinberlega eftir áhugasömum leigusölum sem þurfa að fullnægja kröfum um stærð, aðgengi, öryggi, staðsetningu og fleira. Að því gefnu að bjóðendur uppfylli fyrirfram gerðar kröfur, er sjálft leiguverðið auðvitað afar þungt á metunum. ÁTVR gerir ævinlega kröfur um staðsetningu á fyrirfram viðurkenndum verslunarsvæðum, í þeim sveitarfélögum þar sem það á við. Ágætt dæmi um auglýsingu af þessum toga er þegar auglýst var eftir húsnæði á Skeifusvæðinu í Reykjavík, en útprentun á þeirri auglýsingu fylgir.

Fljótlega eftir hrun var tveimur verslunum ÁTVR lokað. Í Garðabæ og Spöng. Í báðum tilfellum runnu leigusamningar út. Í ljósi mikillar aðhaldskröfu á ÁTVR í kjölfar hrunsins var ákveðið að endurnýja þá ekki. Umræddar verslanir voru þær minnstu og óhagkvæmustu sem ÁTVR rak á höfuðborgarsvæðinu og salan í þeim lítil.

Þegar kom að því fyrir fáum árum að opna á báðum stöðum aftur var verklaginu sem lýst er hér að ofan fylgt. Niðurstaða þessa tiltekna verklags var sú að ÁTVR tókst að ná hagstæðum leigusamningi og leigir nú húsnæði fyrir verslun sína í Garðabæ á nýjum stað milli Costco og Bónus.

Ferlinu, eins og því hefur verið lýst hér að framan er ætlað að tryggja heilbrigða samkeppni, um leið og það tryggir fyrirtækinu bestu mögulegu leiguverð. Fyrirtækið hefur þannig fjölmarga þætti til hliðsjónar við endanlegt val á húsnæði, en hagkvæmni í rekstri er vissulega einn af þeim lögbundnu þáttum sem gæta þarf að, eins og hjá öðrum opinberum fyrirtækjum. Ef sveitarstjórnir gætu þrengt möguleika fyrirtækisins á því að leita hagstæðustu lausna, að öllu öðru gættu, væri vissulega stigið skref aftur á bak.

**Lagaleg áhætta:**
Meðan nánari útfærslur liggja ekki fyrir verður ekki annað séð en að pólitísk inngrip í staðsetningu vínbúða, á hvaða stigi málsins sem þau ættu sér stað, gætu skapað ríkinu bótaskyldu. Tilboðsgjafi, sem býður besta verðið og sem uppfyllir öll sértæk og almenn skilyrði á að öðru jöfnu bótarétt ef ekki er gengið til samninga við hann. Höfnun samninga þarf að byggjast á málefnalegum atriðum.
Rétt er að nefna að í umfjöllun um þennan lið er á því byggt að sveitarfélagið hefði eitthvað ákvörðunarvald um staðsetninguna, sem þó virðist ekki vera samkvæmt frumvarpinu, þar sem einungis er gert ráð fyrir einhverju óljósu samráði, eins og þegar hefur verið farið yfir.

Virðingarfyllst,

Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR

hjálagt:
-Auglýsing eftir húsnæði, Skeifusvæðið

## Óskast til leigu
## ÁTVR – Leiguhúsnæði óskast á Skeifusvæðinu

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að taka á leigu um 600-800 m² húsnæði fyrir Vínbúð á Skeifusvæðinu í Reykjavík. Svæðið afmarkast af Skeiðarvogi, Miklubraut, Grensásvegi og Suðurlandsbraut. Húsnæðið mun skiptast að u.þ.b. 2/3 hlutum í verslunarsvæði og 1/3 hluta í lager og starfsmannaaðstöðu.

Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera á skilgreindu verslunarsvæði.
2. Liggi vel við almenningssamgöngum
3. Umferð að og frá húsnæðinu sé greið.
4. Húsnæðið skal vera á jarðhæð.
5. Húsnæði bjóði upp á að vöruhurð opnist beint út á bak- eða hliðarsvæði.
6. Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavini og næg bílastæði (a.m.k.30-50 bílastæði sem eru ætluð Vínbúðinni eða sérmerkt Vínbúðinni).
7. Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílaplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
8. Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla og/eða lyftara með vörur skal vera góð.
9. Verslunarrýmið sé sem næst rétthyrnt (hlutföll rýmisins nálægt 3 á móti 2) og mega súlur, veggir eða annað ekki hamla yfirsýn um verslunarhluta húsnæðisins.
10. Hljóðdempun í verslun skal tryggja góða hljóðvist og birtulýsing skal vera 500-600 lux (fer eftir ástandi við skil).
11. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim.

Leigutími húsnæðisins er 8-10 ár.
Húsnæðið skal afhenda samkvæmt samkomulagi og ræðst afhendingartími nánar af ástandi þess við afhendingu.
Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir kl. 11:00, fimmtudaginn 8. mars 2018
Merkt : 20719 - Leiga á húsnæði fyrir Vínbúð ÁTVR á Skeifusvæðinu
Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:

1. Staðsetning.
2. Teikningar af húsnæði.
3. Mögulegur afhendingartími.
4. Ástand húsnæðis við afhendingu.
5. Leiguverð án vsk. og skal það innifela allan kostnað.
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfuliði 1- 11 að ofan á leigutímanum.
7. Kvaðir sem kunna að hafa áhrif á starfsemi Vínbúðar á svæðinu

Anna Sóley Sveinsdóttir, Útboðsfulltrúi / Tender Officer
Ríkiskaup / State Trading Centre
Sími / Tel: + 354 530 1400
Netfang / E-mail: utbod@rikiskaup.is
www.rikiskaup.is

*Ábyrgð þín varðandi tölvupóst / Your E-mail responsibilities: Ríkiskaup*